## Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur 00-054

Tilboð opnuð 6. september 2005. Lagning tveggja akreina vegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi um 0,86 km ásamt gerð hringtorgs við Fjallkonuveg. Leggja skal göngustíg frá Langarima að Víkurvegi með tengingum í Húsahverfi og Gufuneskirkjugarð. Göngustígurinn mun liggja í undirgöngum þar sem hann þverar Hallsveg og er gerð undirganganna hluti af þessu verki. Þá skal breikka Víkurveg þar sem Hallsvegur tengist honum, leggja regnvatnslagnir í Hallsveg og Víkurveg og gera umferðareyjar á gatnamótum. Einnig skal laga gatnamót Fjallkonuvegar og Gagnvegar.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Skering í laus jarðlög | 32.300 | $m^3$ |
| Skering í berg | 9.900 | $m^3$ |
| Regnvatnslagnir | 2.000 | m |
| Fylling og neðra burðarlag | 12.000 | $m^3$ |
| Fláafleygar og jarðvegsmanir | 23.000 | $m^3$ |
| Efra burðarlag | 2.400 | $m^3$ |
| Umferðaeyjar | 2.200 | $m^2$ |
| Gangstígar | 5.400 | $m^2$ |
| Frágangur fláa og jarðvegsmana | 43.000 | $m^2$ |
| Ljósastaurar | 60 | stk. |

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Arnarverk ehf., Kópavogi | 176.937.930 | 115,6 | 46.917 |
| 4 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 154.302.539 | 100,9 | 24.282 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 153.000.000 | 100,0 | 22.979 |
| 3 | Jarðvélar ehf., Kópavogi | 138.981.060 | 90,8 | 8.960 |
| 2 | Klæðning ehf., Kópavogi | 135.000.000 | 88,2 | 4.979 |
| 1 | Háfell ehf., Reykjavík | 130.020.950 | 85,0 | 0 |

## Strandavegur (643), Illaholt – Blæja 05-056

Tilboð opnuð 6. september 2005. Endur- og nýlagning Strandavegar á um 5,94 km kafla frá Illaholti að Blæju ásamt endurgerð þriggja tenginga að heimreiðum.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| Bergskeringar | 26.700 | $m^3$ |
| Fyllingar og fláafleygar | 54.500 | $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 14.100 | $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Fjörður ehf., Skagafirði | 74.168.500 | 145,7 | 19.583 |
| 3 | Fylling ehf., Hólmavík | 73.138.000 | 143,7 | 18.553 |
| 2 | KNH ehf., Ísafirði | 65.595.500 | 128,8 | 11.010 |
| 1 | Borgarvirki ehf., Kópavogi | 54.585.500 | 107,2 | 0 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 50.910.000 | 100,0 | -3.676 |

## Ferjuleið, Vestmannaeyjaferja 2006 - 2010 05-034

Tilboð opnuð 6. september 2005. Rekstur á ferjuleiðinni Vestmannaeyjar - Þorlákshöfn, þ.e. að annast flutninga á farþegum og ökutækjum með m/s Herjólfi.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| | **Grunnáætlun 1** | | | |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 1.442.700.000 | 100,0 | 520.925 |
| 3 | Atlas hf., Hafnarfirði | 1.288.600.000 | 89,3 | 366.825 |
| 2 | Samskip hf., Reykjavík | 963.650.000 | 66,8 | 41.875 |
| 1 | Eimskipafélag Íslands, Reykjavík | 921.775.000 | 63,9 | 0 |
| | **Grunnáætlun 2** | | | |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 1.534.200.000 | 100,0 | 549.720 |
| 3 | Atlas hf., Hafnarfirði | 1.404.600.000 | 91,6 | 420.120 |
| 2 | Samskip hf., Reykjavík | 1.069.800.000 | 69,7 | 85.320 |
| 1 | Eimskipafélag Íslands, Reykjavík | 984.480.000 | 64,2 | 0 |

Samskip hf. skilaði inn 4 frávikstilboðum

Atlas hf. bókaði athugasemd vegna svara Vegagerðarinnar við spurningum í útboðsferli.

## Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit 05-060

Tilboð opnuð 13. september 2005. Eftirlit með verkinu: Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur. Í verkinu felst eftirlit með gerð tveggja akreina Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi. Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2006. Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 20. september 2005 klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Bjóðendum er raðað eftir stafrófsröð.

| Bjóðandi |
|---|
| Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík |
| Fjöhönnun ehf. verkfræðistofa, Reykjavík |
| Hnit hf., verkfræðistofa, Reykjavík |
| Hönnun verkfræðistofa, Reykjavík |
| Línuhönnun hf., verkfræðistofa, Reykjavík |
| VSÓ – Ráðgjöf ehf., Reykjavík |





*Nú er unnið að uppsetningu á miðjuvegriði á nýjum kafla Hringvegarins um Svínahraun. Þar verður fullbúinn 2+1 vegur reyndur í fyrsta sinn á Íslandi. Nánar verður fjallað um þessa framkvæmd síðar hér í blaðinu.*

# Framkvæmdakort Norðvestursvæði, tvö kort

## Sjá tvær næstu opnur



*Myndin hér að ofan sýnir framkvæmdir við Hringveg í Borgarfirði. Umferð hefur nú þegar verið sett á hluta þessa vegarkafla og hafa vegfarendur orðið varir við misfellur í vegyfirborði á nokkrum stöðum. Ástæður fyrir því eru ekki allar ljósar en vegurinn fer þarna víða ýmist yfir mýrar eða gamla veginn sem var þarna fyrir. Þetta verður allt lagfært áður en endanlega verður gengið frá veginum.*



# Framkvæmdir 2005, kort 4

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.
Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum.
Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

